

148

11. júlí

Staðfesting konungs á skipulagskrá fyrir »Jarðræktarsjóð Sæbjarnar Egilssonar og Hallfríðar Einarsdóttur«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 11. júlí 1919.

Skipulagskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Jarðræktarsjóðs Sæbjarnar Egilssonar og Hallfríðar Einarsdóttur.

1. gr.

I arfleðsluskrá Hallfríðar Einarsdóttur frá Skeggjastöðum í Fellum, framlagðri við skifti í dánarbúi hennar 3 nóvember 1917, var meðal annars svo ákveðið:

»Að loknum skuldum og skiftakostnaði, skal fyrst greiða þær 2000 — tvö þúsund — krónur, sem við hjónin ákváðum að gefa, við lát mannsins míns sálaða, til eflingar tún og garðræktar í Fljótsdalshjaraði«.

Af þessari gjöf þeirra hjóna, Sæbjarnar Egilssonar og Hallfríðar Einarsdóttur, þá búandi á Hrafnkelsstöðum í Fljótsdal, er sjóðurinn myndaður.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í bankavaxtabrjefum Landsbankans og smærri upphæðir í sparisjóði eða á annan arðbæran og tryggan hátt, eftir þeim reglum, er gilda um ávöxtun ómyndugra fjár.

3. gr.

Umsjóu sjóðsins og ávöxtun, svo og úthlutun vaxta, hefir á hendi stjórn Búnaðarsambands Austurlands, eða stjórn þeirrar búnaðarmálastofnunar á Austurlandi, er í þess stað kemur, ef það legst niður.

4. gr.

Af vöxtum sjóðsins má árlega verja allt að $\frac{3}{4}$ til verðlauna fyrir uppræktun óræktaðs lands í töðuvöll eða matjurtareiti.

Úthlutun verðlaunanna skal svo sem unt er hagað svo, að þeirra geti orðið aðnjótandi jafnt ríkir sem fátækir, og sje þetta gert með því að meta vinnuframkvæmdir hlutfallslega eftir vinnukrafti og efnahag. Nánari ákvæði um úthlutunaraðferð og skilyrði setur stjórn Búnaðarsambandsins í reglugjörð, er birta skal í ársriti þess.

Það af vöxtum sjóðsins, sem ekki er úthlutað, og sem aldrei má minna vera en $\frac{1}{4}$, og allir vextir þau árin, sem engu er úthlutað, legst við höfuðstólinn.

Höfuðstólinn má aldrei skerða.

5. gr.

148

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

11. júlí

Stjórn Búnaðarsambands Austurlands.

Vallanesi, 29. júní 1918.

M. Bl. Jónsson. M. Stefánsson. Þórarinn Benediktsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Styrktarsjóð handa fátækum ekkjum í Arnarneshreppi«, útgefn á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Ís- **149**
lands 11. júlí 1919. **11. júlí**

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Styrktarsjóð handa fátækum ekkjum í Arnarneshreppi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með gjöfum, og var orðinn, með vöxtum og vaxtavöxtum, í árslok 1917 kr. 236,23.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fátækar ekkjur í Arnarneshreppi í Eyjafjarðarsýslu, þær er elgi njóta sveltastyrks.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 3 mönnum, er jafnan sju þessir: Sóknarpresturinn í hinni núverandi Möðruvallaklausturssókn, hreppstjórinn og einn úr hreppsnefndinni, er hún sjálf kýs.

Sjórnin ávaxtar fje sjóðsins, veitir móttöku gjöfum til hans og öðrum tekjum, og ber ábyrgð á, að ekkert af eigum hans glatist. Hún semur reikning sjóðsins við hver áramót og leggur hann fram fyrir næsta sýslunefndarfund Eyjafjarðarsýslu til úrskurðar.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxta í sparisjóði Arnarneshrepps, meðan hann starfar sem sjerstakur sjóður og nýtur sparisjóðsréttinda. Skulu ársvefdir allir lagðir við sjóðinn, þar til þeir nema 50 — fimmtíu — krónum á ári. Upp frá því má verja $\frac{2}{3}$ — tveim þriðju — ársvaxtanna þangað til þeir nema 75 — sjötíu og fimm — krónum, síðan $\frac{3}{4}$ — þrem fjórðu — þar til þeir nema 100 — eitt hundrað — krónum og úr því